



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 1

Janúar 1984

F É L A G S F U N D U R

Félagsfundur verður haldinn á Hótel Hofi,
Rauðararstíg (áður Hótel Hekla) fimmtudaginn
26. janúar 1984, kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Rannsóknastöð á Grímsfjalli. Jón Sveinsson segir frá.
2. Björn Rúriksson býður í flugferð yfir jökla með viðkomu í Grímsvötnum á heimleiðinni.
3. Kaffidrykkja
4. Valdimar Valdimarsson og Vilhelm Anderssen segja frá skíðagönguferð þvert yfir Vatnajökul síðastliðið sumar og sýna myndir.

Fréttabréf

85 Á stjórnarfundum nú í janúar var ákveðið að gefa út fréttabréf sem léysa á af hólmi gömlu auglýsingaspjöldin. Aðal tilgangurinn er að efla tengsl stjórnar og nefnda við félagsmenn. Fréttabréfinu er ætlað að koma jafn oft út og auglýsingaspjöldin komu áður, og innihalda auk fundarboða fréttir af starfi félagsins og öðru því er jökklafólki viðkemur.

Þar sem fundir eru ekki auglýstir nema með dreifibréfi til félaga ná fundarboð lítið til utanfélagsmanna. Menntu eru því hvattir til að láta vini og kunningja vita af fundum.

Stjórn og nefndir.

Stjórn félagsins er nú þannig skipuð:

Sigurjón Rist formaður
Helgi Björnsson varaformaður
Jón Ísdal gjaldkeri
Einar Gunnlaugsson ritari
Stefán Bjarnason umsjónamaður eigna

Í varastjórn eru:

Magnús Eyjólfsson, Pétur Þorleifsson, Björn Indriðason
Ástvaldur Guðmundsson og Ragna Karlsdóttir.

Endurskoðendur eru:

Elías Elíasson og Árni Kjartansson

Sex nefndir eru starfandi innan félagsins. Formenn þeirra eru:

Helgi Björnsson, rannsóknanefnd
Gunnar Guðmundsson, bílnefnd
Stefán Bjarnason, skálanefnd og bingðanefnd
Pétur Þorleifsson, ferðanefnd
Soffía Vernharðsdóttir, skemmtinefnd.

Undanfarin þrjú ár hafa starfsmenn Raunvísindastofnunar og félagar í Jökklarannsóknafélaginu unnið að því að koma á fót rannsóknastöð á Grímsfjalli með styrk frá Eggert V. Briem. Þegar hefur verið komið upp búnaði til sjálfvirkra mælinga og sendinga á mæligögnum til byggða.

Árið 1981 voru kannaðir möguleikar á að nýta jarðhita á Grímsfjalli til þess að knýja mæli- og senditæki. Auk þess var reist mastur með senditæki sem beindi sendingum vestur á Skyggni í Vatnaöldum.

Árið 1982 var varmarafstöð reist á gufuauga við Saltarann og skjálftamælir settur á Grímsfjall. Sendinum var snúið niður á Skeiðarársand þar sem komið var upp endurvarpsstöð en í Skaftafelli var sett upp móttökustöð og skrifari fyrir skjálftamælinn á Grímsfjalli. Um veturinn laskaðist rafstöðin við gufuaugað.

Árið 1983 boruðu starfsmenn Orkustofnunar eftir gufu á Grímsfjalli og Norræna Eldfjallastöðin kom fyrir hallamæli. Um haustið var sett ný varmarafstöð á borholu og er hún enn virk.

Jón Sveinsson, tæknifræðingur, sem manna mest hefur unnið að þessu verki mun segja frá því og sýna myndir á fundi Jökklarannsóknafélagsins fimmtudag 26. jan. 1984.

HB

Vesælu Grímsvatnahlaupi lokið

Hlaupið hófst í október 1983. Rennslið í Skeiðará komst aðeins í $600 \text{ m}^3/\text{s}$, en það var 14. des s.l. Dánarvottoró hlaupsins var gefið út 3. þ.m. af Ragnari í Skaftafelli. Hlaupvatn alls 550 Gl eða röskur hálfur rúmkílómetri. 49

Til að skynja þróunina er rétt að huga að vatnsmagni undanfarinna Grímsvatnahlaupa:

Hlaupið	1972	3.2 km^3
"	1976	2.4 km^3
"	1982	1.3 km^3
og nú	1983	0.55 km^3

frh.

~7 Grímsvötnin sjálf eru nú eitthvað nálægt 20 km²
að flatarmáli, en samkvæmt því ætti íshellan að hafa
sigið 25 til 30 m í hinu ný afstaðna hlaupi.

~9 Björn Rúriksson flaug yfir Grímsvötn eftir þetta
síðasta hlaup og jafnframt í gosinu á síðastliðnu
sumri. Væntanlega fáum við að sjá myndir þaðan á
fundinum þann 26. þessa mánaðar.

S.Rist